

**Ed.**

**708. Breytingartillaga**

**[239. mál]**

við frv. til l. um Orkubú Vestfjarða.

Frá Ragnari Arnalds.

Á eftir 17. gr. komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Stefnt skal að því að endurskipuleggja skipan raforkumála á landinu öllu með það fyrir augum, að allir landshlutar tengist saman í eitt orkuveitusvæði, en ein samstarfsstofnun ríkis og sveitarfélaga annast virkjunarrannsóknir og taki ákvarðanir um nauðsynlegar virkjanir og selji jafnframt rafmagn í heildsölu til dreifingaraðila á sama verði um land allt. Meðan þessi skipan raforkumála er ekki orðin að veruleika annast Orkubú Vestfjarða virkjunarrannsóknir og byggingu og rekstur raforkuvera á Vestfjörðum, en með nýrri skipan raforkumála skal ráðherra beita sér fyrir endurskoðun þessara laga.